

Kvenfélag Svalbarðsstrandar

Afhending 2011/44

Kvenfélag Svalbarðsstrandar var stofnað 17. mars 1901. Saman komu 7 konur með það markmið að stofna saman til félagsskapar sem gæti orðið þeim til skemmtunar og gagns.

Í fyrstu fundargerð félagsins segir að megingilgangur þess sé að skemmta sér, efla félagsskap og samvinnu og að ræða um ýmis þarfleg mál. Helstu mál sem tekin voru til umræðu voru líknarmál, þrifnaður, uppeldis- og skólamál og mál sem vörðuðu kirkjuna. Ekkert skólahús var til í sveitinni árið 1901 og eitt af fyrstu málefnum sem félagskonur vildu beita sér fyrir var að koma því í kring að slíkt hús yrði byggt. Því miður tók það tuttugu ár að koma í því í kring en kvenfélagið styrkti þá byggingu rausnarlega.

Snemma fóru kvenfélagskonur að ræða um mikilvægi sundkennslu fyrir bæði börn og fullorðna, sem varð til þess að farið var að kenna sund í sveitinni.

Félagskonum í kvenfélaginu þótti kirkjusöng ábótavant og því var ákveðið að ráða söngkennara í sveitina. Ný kirkja var vígð 1957 og styrkti kvenfélagið þá byggingu.

Kvenfélagið hefur gefið ýmsar rausnarlegar gjafir til bæði grunn- og leikskóla og stærstur hluti tekna félagsins fer til mála innan sveitarinnar. Félagið stendur einnig fyrir margvíslegum námskeiðum.

Afhendingin barst frá Önnu Maríu Snorradóttur. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
28. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Fundargerðir			
AA-Fundargerðir félagsfunda		1901 - 1989	
Kvenfélag Svalbarðsstrandar			2011 / 44
2011 - AA/1	1	1901- 1915 Fundargerðabók.	23,5 X 19,5 cm.
2011 - AA/1	2	1915- 1945 Fundargerðabók.	22 X 18 cm.
2011 - AA/1	3	1946- 1957 Fundargerðabók.	23,5 X 19,5 cm.
2011 - AA/1	4	1958- 1977 Fundargerðabók	25 X 19 cm.
2011 - AA/1	5	1978- 1989 Fundargerðabók	27 X 21,5 cm.